

Breyting á grunnskólalögum nr. 66/1995

Menntamálaráðuneyti vekur athygli á því að 1. janúar 2007 tóku gildi lög nr. 98/2006, sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2006, um breytingu á lögum nr. 66/1995, með síðari breytingum. Grunnskólalögin, nr. 66/1995 með síðari breytingum, eru aðgengileg í lagasafni menntamálaráðuneytisins á <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/> og í lagasafni alþingis á <http://www.althingi.is/altext/stjt/1995.066.html>

Meginbreytingarnar á grunnskólalögum sem tóku gildi 1. janúar sl. eru:

- Skýrari ákvæði um stofnun grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum.
- Lögbundið er lágmarksframlag sveitarfélaga til þessara skóla, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, til að tryggja rekstrargrundvöll þeirra.
- Fellt er niður ákvæði um að meðallengd kennslustunda skuli vera 40 mínútur. Einungis er kveðið á um lágmarks vikulegan kennslutíma í mínútum, en ekki í kennslustundum. Breyting þessi eykur sveigjanleika skóla til að skipuleggja skólatímann með öðrum hætti en út frá meðallengd kennslustunda.
- Viðtækari heimildir til mats á námi utan grunnskóla til valgreina.
- Skerpt er á lögbundnum umsagnarrétti foreldraráða þannig

að hann nái til fyrirhugaðra meiriháttar breytinga á skólahaldi og starfsemi skóla.

- Sérstök áhersla er lögð á aukinn þátt nemenda í skólastarfinu með því að lögbinda að við hvern grunnskóla skuli starfa nemendaráð og er því ætlað aukið hlutverk.
- Lögfest eru nokkur ákvæði sem snúa að námsumhverfi nemenda, öryggi og vellíðan þeirra í skólastarfi.
- Málsmeðferðarreglur eru gerðar skýrari, auk þess sem orðlagi í nokkrum greinum er breytt eða það gert skýrara.

Sérstaklega er vakin athygli á breytingu á [5. mgr. 35. gr. laga nr. 66/1995](#) en þar er menntamálaráðherra heimilað að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein og að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi náms í skyldunámsgrein. Þessi heimild er nú flutt til skólastjóra. Með þessari breytingu er dregið úr afskiptum ráðuneytisins af málefnum einstakra grunnskólanemenda og skólastjórnum falið að meta hvort gildar ástæður eru fyrir undanþágubeiðni. Á árinu 2006 vann nefnd að heildarendurskoðun á grunnskólalögum. Nefndin hefur haft viðtækt samstarf við hagsmunaaðila og á að skila tillögum að frumvarpi í upphafi árs 2007. Vakin er athygli á því að hægt er að nálgast ýmis gögn sem tengjast heildarendurskoðun laganna á [vef ráðuneytisins](#).



Varðveisla á Kúttur Sigurfara

Undirritaður hefur verið samningur um aðstoð við varðveislu skipsins Kúttur Sigurfara sem er í eigu Byggðasafnsins í Görðum, m.a. með það að markmiði að kútturinn verði sjófær á ný. Menntamálaráðuneyti mun veita næstu 5 árin leggja til samtals 60 m.kr. til verksins. Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir undirritaði samninginn við hátíðlega athöfn í Safnaskálanum að Görðum hinn 16. janúar sl. ásamt Gunnari Sigurðssyni forseta bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, Einari Erni Thorlacius sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar og Birni Elísyni formanni Byggðasafnsins í Görðum.

Nýr almennur hluti aðalnámsskrár grunnskóla

Nýr almennur hluti aðalnámsskrár grunnskóla var gefinn út með auglýsingu 20. desember 2006 og tekur gildi 1. ágúst 2007. Almennur hluti aðalnámsskrár grunnskóla er fyrsti hluti námskrárinnar en greinahlutar hennar verða gefnir út hver af öðrum í endurskoðaðri útgáfu aðalnámsskrár grunnskóla á árinu 2007. Aðalnámsskrá grunnskóla er nú í fyrsta sinn eingöngu gefin út á rafrænu formi. Í samræmi við lög nr. 98/2006, sem tóku gildi 1. janúar 2007 fór fram endurskoðun á

almennum huta aðalnámsskrár grunnskóla á síðastliðnu ári. Í þeirri endurskoðun voru einungis gerðar lágmarksbreytingar með það í huga að innan tíðar fari fram heildarendurskoðun á aðalnámsskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í samræmi við fyrrgreind lög er gerð sú breyting á viðmiðunarstundaskrá að vikustundir nemenda eru settar fram í mínútum og lágmarkskennslutími á viku í hverri námsgrein miðast við áfanga í stað ára. Þannig segir viðmiðunarstundaskrá til um vægi námsgreina innbyrðis og fjölda kennslustunda í einstökum námsgreinum sem hver nemandi á rétt á frá 1. – 4. bekk, 5. – 7. bekk og 8. – 10. bekk. Á þennan hátt er stuðlað að auknum sveigjanleika til að auka sjálfstæði skóla við skipulag náms og kennslu.

Í endurskoðaðri aðalnámsskrá er lagður stefnumótandi grunnur að breytingu á framsetningu þræpamarkmiða í greinanámsskrám. Breytingin felst í því að þræpamarkmið verða birt í viðauka þar sem það á við. Þau eru sett fram sem dæmi um útfærslu sem skólar geta haft til viðmiðunar og eru því ekki bindandi. Meginrök fyrir breytingu á framsetningu þræpamarkmiða er að gefa skólum aukið tækifæri til að taka frumkvæði í að útfæra áfangamarkmið aðalnámsskrár miðað við eigin stefnu og áherslu í kennslu.

Leiðbeinandi verklagsreglur um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda

Skipaður var starfshópur sem í eiga sæti fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Barnavernd Reykjavíkur og Barnaverndarstofu síðastliðið vor. Markmið starfshópsins var að semja leiðbeinandi verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsfólks leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda. [Barnaverndarlög nr. 80/2002](#) leggja ríka skyldu

bæði á almenning og sérstaklega þá sem vinna með börnum að tilkynna til barnaverndarnefnda þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu eða ofbeldi eða stefni heilsu sinni og þroska í hættu. Starfshópurinn leitaði umsagna m.a. hjá félögum leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólakennara, Skólastjórafélagi Íslands, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Félagi íslenskra skólafélagsráðgjafa, Félagi skólahjúkrunarfræðinga og Heimili og skóla. Unnt er að nálgast reglurnar á vefum [Barnaverndarstofu](#), [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) og [menntamálaráðuneytis](#).

Tilraunaverkefni frá Íslandi fær verðlaun

Nýverið voru veitt verðlaun fyrir tilraunaverkefni á sviði starfsmenntunar í Leonardo da Vinci hluta mennta-áætlunar Evrópu-sambandsins. Upphaflega voru 157 verkefni frá 31 landi tilnefnd. Af þeim kepptu 50 til úrslita og að lokum fengu 10 bestu verkefni verðlaun. Eitt af verðlaunaverkefnum er frá Íslandi en það er verkefni á vegum Starfsafsls og fjallar um náms- og starfsráðgjöf fyrir einstaklinga á vinnuarkaði sem hafa hlotið litla formlega menntun til starfa. Verkefnisstjóri er Marianna Traustadóttir. Verðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn sem fram fór í Helsinki að viðstöddum menntamálaráðherrum Evrópulanda. Samstarfsaðilar í verkefninu koma frá 9 öðrum Evrópulöndum.

